Nr. 656 18. júní 2008

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2024, Bolöldur og Jósepsdalur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. júní 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2024 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Námusvæðið í Bolöldum stækkar um 29 ha, úr 36 ha í um 65 ha og áætlað er að taka þar 1,5-2,0 milljónir m³ af efni. Námusvæðið stækkar til suðausturs á kostnað óbyggðs svæðis og nær yfir Sóthól og hóla þar suðaustur af.
2. Óbyggt svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir akstursbrautir og þjónustusvæði. Svæðið er 653 ha að stærð.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 18. júní 2008.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Logi Kjartansson.*

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2008